

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Fiskalón, Ölfusi



Dags eftirlits	24.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Fiskalóni	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðar Ólason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Eva Lind Guðmundsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik komu fram í eftirlitinu. 1) Fóður var í viðtaka. 2) Sápubrúsar voru geymdir án fullnægjandi lekavarna inn í eldisrými. 3) Sýrustig í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 13. mars 2024. 4) Sýrustig í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 25. október 2024. 5) Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 13. mars 2024. 5) Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 25. október 2024.

Eldri opin frávik við eftirlit 2025. 1) Styrkur ammóníaks var yfir mörkum í sýnatökum ársins 2023. 2) Sýrustig var yfir mörkum í sýnatökum ársins 2023.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða landeldisstöð þar sem hámarkslífmassi má ekki fara yfir 100 tonn á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins:

1. Staðan frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Starfsleyfi rekstraraðila og skil samkvæmt því
4. Eftirlitsmælingar og skráningar
5. Áætlanir
6. Skoðunarferð
7. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
8. Fylgiskjöl

1. Fjögur frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og voru tvö ennþá opin við eftirlitið sem fór fram 24. september 2025. Mismunur á sýrustigi í frárennsli og inntaki var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30. mars 2023 og 3. október 2023. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30. mars 2023 og 3. október 2023. Samkvæmt rekstraraðila er verið að leita lausna til að draga úr þeim mismun á ammóníaki og sýrustigi.

2. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Ársyfirliti og grænu bókhaldi vegna ársins 2024 var skilað inn fyrir 1. maí 2025. Heildarframleiðsla ársins 2024 var 154 tonn og fóðurnotkun 128 tonn.

4. Rekstraraðili hreinsar seyru frá frárennsli og öll seyra er vigtuð, síðan er hún efnagreind. Fosfórlausun fyrir árið 2024 var innan marka starfsleyfis. Mismunur á sýrustigi í frárennsli og innrennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 14. mars 2024 og er það frávik. Mismunur á sýrustigi í frárennsli og innrennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 25. október 2024 og er það frávik. Mismunur á styrk ammóníaks í frárennsli og innrennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 13. mars 2024 og 25. október 2025 sem er frávik.

5. Farið var yfir áætlanir og eru þær allar ný uppfærðar.

6. Gengið var um stöðina og umhverfið skoðað. Fóður var sjáanlegt í viðtaka sem er frávik. Í eftirlitinu í fyrra var

líka fóður í viðtaka. Rekstraraðila var bent á að huga betur að hreinsibúnaðinum.

7. Efnageymsla var fullnægjandi, en sápubrúsar og sótthreinsibrúsar voru geymdir inn í sal án fullnægjandi lekavarna og er það frávík.

8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olfuskiptur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
gr. 3.4 í starfsleyfi	Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 13. mars 2024.
gr. 3.4 í starfsleyfi.	Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 25. október 2024.
gr. 3.4 í starfsleyfi.	Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 13. mars 2024.
gr. 3.4 í starfsleyfi.	Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 25. október 2024.
gr. 3.5 í starfsleyfi.	Mikið af fóðri var í viðtaka fyrir neðan útrásina.
gr. 3.11 í starfsleyfi.	Sápubrúsar og sótthreinsibrúsar voru geymdir án fullnægjandi lekavarna.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að huga að hreinsibúnaði þar sem fóður er í viðtaka.

ANNAÐ

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 03.11.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir